

VELFERÐ

MÁLGAGN OG FRÉTTABRÉF LANDSSAMTAKA HJARTASJÚKLINGA

Útgefandi: Landssamtök hjartasjúklinga, Suðurgötu 10, Rvk. Prentun: Gutenberg. Upplag: 6.000. Ritnefnd: Sigurjón Jóhannsson, ritstj., Auður Ólafsdóttir, Guðmundur Magnússon og Valur Stefánsson.

14. árg.


1. tbl.

Apríl 2002

Merkjasalan 3. og 4. maí

Þetta athyglisverða kort sýnir í hnotskurn hve Landssamtök hjartasjúklinga hafa verið atkvæðamikil í endurhæfingar- og forvarnastarfi sínu sl. 2½ ár.

Mælingar hafa farið fram á átta stöðum, endurhæfingarstöðvar með okkar þátttöku eru á 13 stöðum, og gönguhópar eru á fjórum stöðum. Samtökin hafa gefið þrek- og æfingatæki til átta staða á landinu. Alls hafa samtökin gefið tæki og veitt styrki fyrir um 11 milljónir króna á sl. 2½ ári.



Gjafir LHS til tækjakaupa
2000-2002



Gjöf

LHS hjarta- og blóðþrýstings-
mælingar 2000-2002



Mælingar

LANDSSAMTÖK HJARTASJÚKLINGA

Endurhæfingarstöðvar og gönguhópar
hjarta- og lungnasjúklinga 2002



HL-stöð eða
endurhæfingarstöð



HL-gönguhópur



Minningarkort LHS

fást á eftirtöldum stöðum



Skrifstofa LHS, Suðurgötu 10, Reykjavík,
s. 552 5744 & fax 562 5744

Hjá Hirti, Bónushúsinu, Suðurströnd 2,
Seltjarnarnesi, s. 561 4256
Bókabúð Böðvars, Reykjavíkurvegi 66,
Hafnarfirði, s. 565 1630
Bókabúð Andrésar, Penninn hf., Kirkjubraut 54
Akranesi, s. 431 1855
Dalbrún ehf, Brákarbraut 3, Borgarnesi,
s. 437 1421
Blómaverk blóma- og gjafavöruverslun,
Ólafbraut 24, Ólafsvík, s. 436 16
Hrannarbúðin, Hrannarstíg 5, Grundarfirði,
s. 438 6725
Verslunin Heimahornið, Borgarbraut 1,
Stykkishólmur, s. 438 1110
Jón Jóhann Jónsson, Hlíf II, Ísafirði,
s. 456 3380
Jónína Högnadóttir, Esso-verslunin, Ísafirði,
s. 456 3990
Jóhann Kárasen, Engjavegi 8, Ísafirði,
s. 456 3538
Kristín Karvelsdóttir, Miðstræti 14, Bolungarvík,
s. 456 7358
Blómabúðin Bæjarblómið, Húnabraut 4,
Blönduós, s. 452 4643
Blóma- og gjafabúðin, Hólavegi 22, Sauðárkróki,
s. 453 5253
Blómaskúrin, Kirkjuvegi 14b, Ólafsfirði,
s. 466 2700
Hafðís Kristjánsdóttir, Ólafsvogi 30, Ólafsfirði,
s. 466 2260
Blómabúðin Ilex, Hafnarbraut 7, Dalvík,
s. 466 1212
Valgerður Guðmundsdóttir, Hjarðarslóð 4e,
Dalvík, s. 466 1490
Bókabúð Jónasar, Hafnarstræti 108,
Akureyri, 462 2685
Bókabúðin Möppudýrið, Sunnuhlíð 12c,
Akureyri, s. 462 6368
Penninn Bókval, Hafnarstræti 91-93,
Akureyri, s. 461 5050
Blómabúðin Akur, Kaupangi, Mýrarvegi,
Akureyri, s. 462 4800
Blómabúðin Tamara, Garðarsbraut 62,
Húsavík, s. 464 1565

Bókaverslun Þórarins Stefánssonar, Garðarsbraut 9,
Húsavík, s. 464 1234
Skúli Jónsson, Reykjaheiðarvegi 2, Húsavík,
s. 464 1178
Skúli Þór Jónsson, Boðagerði 6, Kópasker,
s. 465 2144
Bókaverslun Rannveigar H. Ólafsdóttur,
Laugum, Reykjadal, s. 464 3191
Birgir Hallvarðsson, Botnahlíð 14, Seyðisfirði,
s. 472 1173
Blómabær, Miðvangi, Egilsstöðum,
s. 471 2230
Gréta Friðriksdóttir, Brekkugötu 13,
Reyðarfirði, s. 474 1177
Aðalheiður Ingimundardóttir,
Bleiksárhlíð 57, Eskifirði, s. 476 1223
María Óskarsdóttir, Hlíðargötu 26,
Fáskrúðsfirði, s. 475 1273
Sigríður Magnúsdóttir, Heiðmörk 11,
Stöðvarfjörður, s. 475 8854
Axel Ó., skóverslun,
Vestmannabraut 23, Vestmannaeyjum,
s. 481 1826
Mosfell sf., Þrúðvangi 6, Hellu, s. 487 5828
Sólveig Ólafsdóttir, Verslunin Grund, Flúðum,
s. 486 6633
Sjúkrahús Suðurlands og Heilsugæslustöð,
Árvegi, Selfossi, s. 482 1300
Verslunin Íris, Austurvegi 4, Selfossi,
s. 482 1468
Hulda I. Guðmundsdóttir, Oddabraut 20,
Þorlákshöfn, s. 483 3633
Bókabúð Grindavíkur, Víkurbraut 62,
Grindavík, s. 426 8787
Bókabúð Keflavíkur - Penninn,
Sólvallagötu 2, Keflavík, s. 421 1102
Íslandspóstur hf., Hafnargötu 89, Keflavík,
s. 421 5000
Íslandspóstur hf., c/o Ása Árnadóttir,
Tjarnargötu 26, Vogar, s. 424 6500
Íslandspóstur hf., c/o Kristjana Vilhjálmisdóttir,
Garðbraut 69, Garður, s. 422 7000



VELFERÐ

Endurhæfing - forvarnir



Rurik Kristjánsson.

Landssamtök hjartasjúklinga voru stofnuð á haustdögum árið 1983 og eru því að nalgast tvítugsaldurinn.

Í lögum landssamtakanna sem voru samþykkt á stofnfundinum segir meðal annars:

Markmið samtakanna er:

Að vinna að úrbótum á sviði heilbrigðisþjónustu og bættri félagslegri aðstöðu hjartasjúklinga.

Að afla fjár sem varið er til velferðarmála hjartasjúklinga og hrinda í framkvæmd markmiðum samtakanna.

Að efla rannsóknir og fræðslu varðandi hjartasjúkdóma og auka skilning og þekkingu á fyrirbyggjandi starfsemi, meðferð hjartasjúklinga og gildi endurhæfingar.

Að bæta aðstöðu og tækjakost á sjúkrastofnunum til

rannsókna og lækninga hjartasjúkdóma og skapa aðstöðu til endurhæfingar og þjálfunar sem víðast á landinu.

Allt það sem hér er upptalið kostar mikið fé.

Þær leiðir sem LHS hefur farið í fjáröflun er útgáfa á blaðinu VELFERÐ sem gefið hefur tekjur með auglýsingasöfnun, jólakortasölu á hverju ári og svo höfum við staðið fyrir merkjasölu annað hvert ár.

Í ár, 3. og 4. maí, verður merkjasala á landsvísu á vegum LHS.

Öll aðildarfélög samtakanna standa fyrir merkjasölunni hvert á sínu félagssvæði.

Landssamtök hjartasjúklinga hafa í gegnum árin notið mikillar velvildar hjá landsmönnum þegar við höfum bankað uppá með fjáröflun.

Í ár leggjum við áherslu á ENDURHÆFINGU - FORVARNIR um land allt.

Til okkar leita margir aðilar innan heilbrigðiskerfisins um hjálp til tækjakaupa, því leggjum við líka áherslu á að TÆKIN VANTAR.

Á umliðnum árum höfum við getað orðið við óskum margra aðila um að kaupa tæki til rannsókna, lækninga og endurhæfingar víða um land.

Með von um góðar móttökur.

Gleðilegt sumar.

Rurik Kristjánsson skrifstofustjóri LHS.

Vinnum saman – kaupum og seljum merki

Lyfjamálin

Ótrúlegur verðmunur

Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hafa að undanfögnu látið gera kannanir á lyfjaverði. Niðurstöðurnar hafa verið kynntar rækilega í fjölmiðlum og sýna þær á stundum ótrúlegan verðmun, samanber verðmun á parkinsonslyfinu Madopar, sem nam 881%. Þá vakti athygli mikill verðmunur á lyfinu Daren (háþrýstingslyf), en hæsta verð til elli- og örorkulífeyrisþega var 2.337 í Árbæjarapóteki og 367 í Rimaapóteki, munur 537%. Þess ber að geta að Árbæjarapótek átti oft lyf í lægri kantinum í könnun ASÍ. Aftur á móti kom Laugarnesapótek illa út úr þeirri könnun.

Ef við skoðum háþrýstings- og hjartalýf í könnun ASÍ þá kemur eftirfarandi í ljós:

Atenolol NM PHARMA, 25 mg, 100 stk. Hæsta verð 848, lægsta 636, mismunur 33%. Sömu verð gilda hjá elli- og lífeyrisþegum.

Daren, öflur 5 mg 100 stk. Hæsta verð 3.229, lægst 2.374, mism. 36%. Til elli- og lífeyrisþega, hæst 1190, lægst 367, mism. 224%

Enapril OF töflur, 5 mg 100 stk. Hæsta verð 2.694, lægst 1882, mism. 43%. Til elli- og lífeyrisþega, hæst 945, lægst 217, mism. 335%.

Nitromex, töflur 0,5 mg, 30 stk. Hæsta verð 533, lægst 400, mism. 38%. Til elli- og lífeyrisþega, hæst 481, lægst 394, mism. 22%.

maxil® náttúruleg hreinsiefni fyrir gervitennur og munn



MAXIL FRAMLEIÐIR:

- Fjótandi tannsapu
- Tannsteinshreinsi
- Tannburstasett
- Krem við særindum
- Tannlím, fljótandi og duft
- Box



maxil® fæst í flestum apótekum

Umboð: AÐAL-TANNSMÍÐASTOFAN
Íris Bryndís Guðnadóttir / klínískur tannsmíðameistari
Sími 552 5511, www.vortex.is/irisbg

Fjöldi manns sótti fundinn

Aðalfundur Félags hjartasjúklinga á Reykjavíkursvæðinu árið 2002 var haldinn á Hótel Sögu 6. apríl sl. 162 félagsmenn sóttu fundinn og er það mikil fundarsókn, jafnvel á okkar mælikvarða. Fundarstjóri var kosinn Kristján Benediktsson. Vilhjálmur B. Vilhjálmsson, formaður félagsins, flutti skýrslu stjórnar og sagði m.a.:

Starfsemi félagsins okkar hefur verið með hefðbundnum hætti á liðnu starfsári. Eins og kunnugt er þá er merkjasala aðeins annað hvert ár, en engin merkjasala var á sl. ári. Merkjasalan í ár verður 3. og 4. maí n.k. – tveir sölundagar í stað 3ja áður, en erfitt hefur reynst að fá fólk til að sinna merkjasölu 3 daga í röð.

Þess er vænst að þessi aðferð skili góðum árangri. Ég vil hvetja félagsmenn til að taka þátt í þessu verkefni, jafnvel þó sumir segi sem svo: Ég get ekki hugsað mér að selja merki, þá er það þannig að mikil hjálp getur verið við ýmiskonar aðstoð, afgreiðslu merkja, smásendiferðir og fleira sem kemur uppá og ég get sagt ykkur að það er alltaf ákaflega mikill og skemmtilegur félagsskapur sem fylgir slíku starfi.

Í síðustu merkjasölu var hlutur félags okkar rúmlega ein milljón krónur, en 25% af andvirði merkjanna renna til hvers félags og afgangurinn til landssamtakanna til úthlutunar síðar meir.

Dýrt tæki

Margir fundarmenn hlustuðu á Gizur Gottskálksson, hjartalækni, flytja okkur fróðleik um lækningu á hjartsláttartruflunum. Talsverðar viðræður hafa farið fram, m.a. við Lionsmenn, um söfnun til kaupa á slíku lækningatæki. Nú er komið á daginn að slíkt tæki kostar um 30 milljónir króna og við sjáum ekki möguleika á að safna svo miklu fé í einum áfanga.

Guðmundur Þorgeirsson hjartalækni, flutti afar áhuga-vert erindi um kolesteról fyrr og nú. Erindinu verða gerð skil í næsta blaði.



Vilhjálmur flytur ræðu sína.

Það er samt sem áður fullur vilji til að leita leiða til að kaupa þetta tæki en málið þarf mikinn og vandaðan undirbúning og ljóst er að það mun taka nokkurn tíma að finna farsæla lausn á því máli.

400 mældir og vegnir!

Alþjóða hjartadagurinn var haldinn 30. september sl. Á vegum félags okkar fóru yfir 400 manns í blóðþrýstings- og kólesterólmælingar og einnig var reiknaður út þyngdarstuðull manna. Þessi uppákoma fór fram í Mjóddinni og vakti talsverða athygli.

Margir tóku einnig þátt í hjartagöngu en Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra ávarpaði göngugesti við upphaf göngunnar.

Fræðslufundur félagsins var haldinn 3. nóvember sl. Þar flutti Davíð Ó. Arnar,

hjartalækni, erindi um endurlífsgun, var það afar fróðlegt og birtist erindið að meginhluta til í Velferð, blaði landssamtakanna.

Á sama fundi flutti Sigurður Sigurðsson, dýralækni nokkrar stemmur með tilheyrandi skýringum við mikinn fögnuð fundarmanna. Þá má ekki gleyma þætti Árna Elvar sem svo oft hefur glatt okkur á fundum okkar.

Jóla kortasala var að venju í gangi en heldur þyngra fyrir fæti en áður.

Styrkir og gjafir

Félagið styrkti Davíð Ó. Arnar, hjartalækni, til að gera könnun á viðhorfi Íslendinga til endurlífsgunar utan sjúkrahúss með kr. 50 þús. Margrét Garðarsdóttir og Jóhanna Konráðsdóttir sjúkrabjálfarar fengu 50 þús. kr. styrk hvor til að sækja endurhæfingarráðstefnu í Bandaríkjunum. Þá var endurhæfingarstöð Auðar Ólafsdóttur fært þrekhlól, og Reykjalundur fékk göngubretti sem okkar félag og landssamtökin gáfu sameiginlega. Alls var andvirði gjafanna kr. 669.810.

Fjölmennt ráðstefna framundan

Dagana 14.-16. júní n.k. verður haldin norræn ráðstefna um hjartaendurhæfingu í Reykjavík. Þetta er þverfagleg ráðstefna og er von á 350-500 manns, hjarta- og lungna sérfræðingum, endurhæfingarlæknum, sjúkrabjálfurum, iðjuþjálfum, hjúkrunarfræðingum, félagsfræðingum, sálfræðingum, lífeðlis- og líffræðingum, næringarfræðingum, meinatæknum o.fl.

Félag fagfólks í hjarta- og lungnaendurhæfingu er skipuleggjandi ráðstefnunnar. Hér er bent á þetta til fróðleiks svo félagsmenn fylgist vel með fréttum meðan ráðstefnan er haldin.

Kaupum miða í Hapdrætti SÍBS

Eins og félagsmenn vita þá erum við í gegnum landssamtökin aðilar að SÍBS. Endurhæfingarstarfið að Reykjalundi er afar mikilvægt okkur hjartasjúklingum og því vil ég hvetja félagi til að styrkja það góða starf sem þar er unnið, t.d. með þátttöku í Hapdrætti SÍBS.

Mikilvægur þáttur í starfsemi félagsins eru göngur félagsmanna á laugardögum, en kl. 11 á hverjum laugardagsmorgni hittast að meðaltali 20 manns við Perluna.

AGA Healthcare

Lyfjamál eru sífellt í athugun og viljum við hvetja félagsmenn til að fylgjast vel með þeim málum og gjarnan láta skrifstofuna vita ef vart verður við eitthvað sem talist getur óeðlilegt.

Að endingu vil ég færa samstjórnarmönnum þakkar fyrir gott og ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári en 8 stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu, einnig vil ég þakka ritstjóra Velferðar svo og starfsmönnum okkar á skrifstofu. Framundan eru mörg og mikilvæg verkefni, m.a. er þing landsamtakanna í haust. Með stuðningi félagsmanna, eins og fram kemur hér í dag í góðri fundarsókn, er ljóst að hjart er framundan.

Almennar umræður

Í almennum umræðum tók **Haraldur Steinþórsson** til máls og sagði m.a. að þátttaka í fundum félagsins hafi stórauðist, þrátt fyrir að á stefnuskrá félagsins sé að leggja sig niður þegar búið er að útrýma hjartasjúkdómum, en okkur hefur ekki orðið meira ágengt en svo að það fjölgar alltaf í félaginu!

Haraldi fannst tekjuöflun félagsins ekki næga og taldi fjáröflunaraðferðirnar kannski orðnar á eftir tímanum og því þyrfti að blása nýju lífi í þetta. Við höfum aldrei í alvöru rætt hvernig samvinnu okkar og Hjartaverndar ætti að vera háttad. Þá fannst Haraldi þátttaka félagsmanna í endurhæfingu ekki nægilega góð og sagði þetta allt mál sem þyrfti að skoða og ræða.

Umbun frá skattinum?

Steingrímur Sigurjónsson ræddi hækkun hjartalýfja og vildi láta kanna hvort ekki væri möguleg umbun frá skattayfirvöldum vegna mikils kostnaðar við „að halda okkur lifandi“, eins og Steingrímur komst að orði og benti á að eftir því sem lengra liði á ævina yrði lyfjakostnaðurinn tilfinnanlegri.

Vilhjálmur B. Vilhjálmsson sagði það orð í tíma töluð að efla þyrfti fjárhag félagsins og það yrðu fundnar nýjar leiðir. Ég á von á því að samvinna okkar og Hjartaverndar aukist í tengslum við Hjartadaginn og fulltrúar beggja félaganna hafa sótt Norðurlandaráðstefnur undanfarin ár. Það skapar meiri samvinnuhug. Það er vandasamt að takast á við lyfjamálin en þau eru í vinnslu hjá Félagi eldri borgara með fyrrverandi landlækni, Ólaf Ólafsson, í fararbroddi.

Herjum á lyfsölufyrirtækin

Kristinn Þórhallsson sagði að hér væri góður félagsskapur á ferð með sérstaklega góða starfsmenn á skrifstofu eins og þá Rúrik, Ingólf og fleiri. Ég legg til að við

Auður Ólafsdóttir

Þurfum að vera framsýn í hugsun

Auður Ólafsdóttir, ritari félags okkar, fór ásamt Ástrósu Sverrisdóttur hjá Hjartavernd á fund Norrænu hjartafélaganna sem haldinn var í Finnlandi 11.–12. október 2001. Auður flutti erindi um ferðina á aðalfundinum og birti fallegar skýringamyndir máli sínu til staðfestingar.



Auður Ólafsdóttir.

Auður hóf mál sitt á því að útskýra uppbyggingu hjartasjúkdómafélaganna á Norðurlöndum. Í Finnlandi er starfandi eitt félag sjúklunga og þeirra sem starfa að heilbrigðis- og forvarnamálum. Í Svíþjóð

starfa tvö félög eins og hér, sömuleiðis í Noregi, en í Danmörku er eitt félag.

Stöndum vel varðandi endurhæfingu

Þótt félagsstarfið sé mismunandi uppbyggt er samstarf landanna gott. Umræðuefnið nú var fyrst og fremst um endurhæfingarstarfið í löndunum.

Við virtumst standa einna fremst í endurhæfingu, því við höfum Reykjalund, endurhæfingu á spítölum, HL stöðvar og HL hópa um allt land, sagði Auður.

Hún sagði frá hjartavænni fæðuviku í Finnlandi sem haldin var í samvinnu við matvælaframleiðendur sem gáfu hráefnið sem átti að vera fremur ódýrt, þar á meðal skyndibitafæði. Mikil markaðsstarfsemi var í kringum þessa fæðuviku en framtakið skilaði samt tekjum til finnsku samtakanna. Rætt var um tengsl sykursýki og hjartasjúkdóma og það sem kallað er Lyfseðill upp á hreyfingu. Auður benti á að nýlega hefði skyndibitastaðurinn Nings auglýst hjartavæna máltíð og kannski væri kominn tími til að efna til átaks hér heima á borð við finnsku fæðuvikuna.

Þörf á aukinni samvinnu?

Tengsl sykursýki og hjartasjúkdóma kallar kannski á meira samstarf sykursjúkra og hjartasjúklunga og ljóst er að offita verður framtíðarvandamál í stórum hluta heims.

Lyfseðill upp á hreyfingu var vel skipulagt samstarfsverkefni lækna og sjúkrahjálfa. Finnsk rannsókn leiddi í ljós að ef lækni ræðir við sjúkling í fimm mínútur um gildi hreyfingar skilar það sér í hálf tíma aukinni hreyfingu viðkomandi sjúklunga á viku. Það er því mikilvægt að lækni taki þátt í þessu með okkur öllum.


Allir segja að forvarnir borgi sig og það þarf að afla aukins fjár. Ljóst er að við Íslendingar erum eftirbátar annarra þjóða hvað varðar fjárveitingar frá hinu opinbera til endurhæfingar- og forvarnastarfa og þarf að skoða það mál.

Við þurfum að vera sýnileg sem liðs- heild, sagði Auður, og framsýn í hugsun. Framkvæmd alþjóða hjartadagsins sl. haust tókst mjög vel og er vonandi upphafið að áframhaldandi góðu samstarfi okkar, Hjartaverndar og SÍBS.

	Finnland - eitt sameiginlegt félag
	Svíþjóð - tvö félög, sjúklingasamtök og forvarnarsamtök
	Noregur - tvö félög, sjúklingasamtök og forvarnarsamtök
	Danmörk - eitt sameiginlegt félag
	Ísland - tvö félög, Landssamtök hjartasjúklunga og Hjartavernd

Lyfseðill upp á hreyfingu

- Læknar skrifa upp á hreyfingu
- Polþröfa og finna út hvaða hreyfing hentar viðkomandi einstaklingi
- Leiðbeina þeim hvert best sé að leita í hverju tilfelli
- Eftirfylgni læknis og sjúkrahjálfa






Haraldur Steinþórsson.



Steingrímur Sigurjónsson.



Kristinn Þórhallsson.



Jón Magnússon.



Rúrik Kristjánsson.

gefum út félagsskírteini og herjum síðan á lyfsölufyrirtækin um afslátt því þetta eru geysiháar fúlgur sem við erum að borga. Sum okkar hafa vart efni á njóta lyfjanna sem eiga að halda okkur gangandi. Þessi sterki hópur hér á að geta áorkað einhverju í þessu máli og ég bið stjórnina að kanna þetta betur.

Kristinn ræddi fjáröflunina sem væri erfð og það menn minnst góðs árangurs í happdrættissölu fyrir nokkrum árum og gefa út ódýra miða, t.d. 250 kr. miða og þá myndu flestir kaupa tvo miða.

Jón Magnússon sagðist hingað til hafa sent minningarkort í gegnum landssímann og ekki hugsað til síns eigin félags. Framvegis geri ég bragarbót, sagði Jón, og hringi á skrifstofu samtaka okkar!

Rúrik Kristjánsson las reikninga félagsins, sem sýndu talsverðan halla og hvatti fundarmenn til að kaupa merki.



Feðgarnir Jónas Dagbjartsson og Jónas Þórir Jónasson léku fyrir fundargesti í fjarveru Árna Elvars og var vel fagnað.

Skemmtifundur Neistans



Laugardaginn 13. apríl efndi Neistinn til skemmtifundar í Seljakirkju og mættu 40 til 50 manns. Skemmtunin tókst mjög vel og vill Neistinn þakka stuðning frá BT, Breiðholtsbakarí og Vífilfelli.

Hjartans mál varð gulldiskur



Geisladiskurinn Hjartans mál sem Neistinn gaf út fyrir síðustu jól er nú uppseldur og fékk félagið svonefndan gulldisk frá Sambandi hljómplötuframleiðenda þegar salan náði 5000 eintaka markinu. Diskurinn var gefinn út í samvinnu við Jóhann Helgason tónlistarmann.



Lyfja fyrir heilsuna

Hjúkrunaryörur

Hjúkrunartengdar vörur fyrir viðskiptavinum Lyfju:

- Stomavörur
- Barkastomavörur
- Þvagleggir og þvaglekavörur
- Sykursýkivörur
- Sjúkrasokkar
- Næringardrykkir
- Stoðvörur
- Sjúkrakassar

Lyfja:

Lágmúla, sími: 533 2300 • Laugavegi, sími: 552 4045
Smáralind, sími: 530 5800 • Smáratorgi, sími: 564 5600
Kringlunni, sími: 568 1600 • Spönginni, sími: 577 3500
Garðatorgi, sími: 565 1321 • Setbergi, sími: 555 2306
útibú Grindavík

Mælingar

Mælingar í Lyfju framkvæmdar af hjúkrunarfræðingi:

- Öndunarmæling
- Beinþéttnimæling
- Kólesterólmæling
- Blóðsykursmæling
- Blóðþrýstingsmæling

Lyfjuskömmun

Tekur þú fleiri en eitt lyf?

Vélaskömmun lyfja gæti hentað þér:

- Bætir meðferðarhældni
- Minni hætta á ofskömmun
- Einfaldar lyfjatöku
- Auðveldara að muna eftir skömmun
- Lyfjataka á réttum tíma dags
- Handhægar pakkningar

Viðtal við Írisi Marelsdóttur sjúkraþjálfara á Reykjalundi

Sé fyrir mér nýtingu nýja endurhæfingarhússins 7 daga vikunnar fram á kvöld

Á Reykjalundi er að jafnaði pláss fyrir 25 hjartasjúklinga og er ljóst að nýja endurhæfingarhúsið kemur sér vel fyrir þann hóp. Við ræddum nýlega við Írisi Marelsdóttur sjúkraþjálfara um hvernig hefði gengið frá því að húsið var formlega opnað þann 4. jan. í ár.

- Þetta gengur allt mjög vel, við vorum allan janúar að ganga frá lausum endum, t.d vantaði ýmislegt smálegt eins og rusla-fötur, handklæði, borð og stóla. Við þurftum að skipta út flísum í sundlaugarsal þar sem hálkuvörn reyndist ófullnægjandi. Fyrst fannst okkur plássíð feykimikið en nú finnst okkur þetta passlegt. Við höfum mjög gott pláss fyrir hópæfingar í íþróttasalnum og nýi tækjasalurinn á efri hæðinni hefur komið skemmtilega á óvart. Hann er passlega stór fyrir þá 19 sjúkraþjálfara sem hér starfa og rými til allrar þjálfunar er gott.

Sundlaugin er flott. Ég hélt fyrst að halli í æfingarlauginni væri of mikill en svo er ekki. Við bíðum nú eftir lyftubúnaði fyrir þá mest hreyfihömluðu.

Vilja sjá fyrrum sjúklinga í endurhæfingu

- Hefur sjúklingum fjölgað?

- Nei, innlögnum hefur ekki fjölgað, en þeim fjölgar sem nota endurhæfingarhúsið sem göngudeildarúrræði. Félag eldri borgara nýtir sér sundlaugin, hér er ung barnasund tvisvar í viku. Þeir sem eru að læra sjúkraþjálfun í Háskóla Íslands fá hér aðstöðu til að stjórna sundleikfimi og líka að stjórna hópæfingum í íþróttasalnum. Svo viljum við gjarnan að þeir sem eru að ljúka dvöl hér fái tækifæri til að halda áfram þjálfun og gildir það einnig um þá sem hafa útskrifast fyrir allöngu. Við gerum ráð fyrir að eldri borgarar í Mosfellsbæ og nágrenni og fleiri geti nýtt aðstöðuna hér betur síðar meir.

Fyrst og fremst hús fyrir fólk með skerta færni

- Hvernig sérðu framtíðina fyrir þér með rekstur hússins?

- Við erum ekki farin að ræða í smáatriðum frekari notkun hússins, en ég sé þetta fyrir mér þannig að húsið verði nýtt 7 daga vikunnar og þá á kvöldin líka svo fremi að aðsókn sé næg og ekki verði taprekstur – að



Á innfelledu myndinni er Íris Marelsdóttir, en stærri myndin sýnir hluta af nýju æfingarlauginni á Reykjalundi.

það fáiast fjármagn til að gjörnýta húsið. En við megum ekki gleyma því að þetta er þjálfunarhús hannað fyrir þá sem eru með skerta færni og þurfa á endurhæfingu að halda og þessi hópur mun alltaf ganga fyrir fólki sem er með óskerta orku. Við megum ekki tapa áttum á markaðstorginu.

Við rekum laugin með tveimur starfsmönnum sem sjá líka um þrif og er það lágmarksmönnum. Laugin er opin frá 8-5 og þrisvar í viku til 6 en þá tíma á starfsfólkið hér á Reykjalundi, og það má líka nýta hádegistímana. Sama gildir með tækjasalinn – þar má starfsfólk vera milli kl. 4-6 þrisvar í viku og í hádeginu. Við hvetjum sem sagt starfsfólkið til að iðka líkamsrækt reglulega og er það í samræmi við heilbrigðisáætlun ríkisstjórnarinnar til ársins 2010.

Langar í tæki til að mæla styrk vöðva

- Vantar eitthvað af tækjum?


- Við bíðum eftir lyftubúnaðinum sem ég nefndi áðan og innréttingum í hjálparklefan. Við þurfum að fá betri húsgögn í mótt-

töku í tækjasal og svo erum við að bíða eftir þjálfunartækjum í íþróttasalinn, s.s. boltum, badmintonspöðum, netum og körfum. Allt kemur þetta á næstunni. Mörg tækjanna í sjúkraþjálfuninni eru gömul, sum hjólin eldri en 20 ára. Huga þarf að endurnýjun. Eins þarf að athuga með fjölgun göngubretta og sethjóla, og fækka hefðbundnum hjólum. Þannig gerum við fleirum kleift að nýta sér þolþjálfunartækin. Í framtíðinni langar okkur að kaupa mælingatæki til að mæla styrk vöðva, en það er dýrt tæki. Við þurfum senn að skipta út hjartamónítortæki, sem sýnir hvernig hjartað starfar undir álagi. Það er einnig dýrt tæki.

Það hafa komið hingað fulltrúar líknarféлага til að spyrja okkur hvað megi gefa okkur og það gleður okkur mikið.

S.J.

 **málning ehf.**
- það segir sig sjálft -



Lífið er ekki þrautalaust

Paratabs

PRAUTREYNT VERKJALYF



LYFJAPRÓUN • HUGVIT • GÆÐI
www.delta.is

Notkunarsvið: Paratabs inniheldur parasetamól sem er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Það er notað við höfuðverk, tannpínu, tíðaverkjum o.fl. Einnig við sóththita af völdum influensu og annarra umgangspesta eins og kvefs. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir parasetamóli eða er með lifrarsjúkdóma má ekki nota lyfið. Nýrna- og lifrarsjúklingum er bent á að ráðfæra sig við lækni áður en þeir taka lyfið. Of stór skammtur getur valdið lifrabólgu. **Aukaverkanir:** Parasetamól veldur sjaldan aukaverkunum og þolist yfirleitt vel í maga. Langvarandi notkun lyfsins getur valdið nýrnaskemmdum. **Skömmtun:** Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. *Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.* 08.01.99

Eftirtaldir aðilar hafa stutt útgáfu þessa blaðs. Þeim er þakkaður stuðningurinn.

A - Karlsson hf., Brautarholti 28, 105
Aðal - tannsmíðastofan, Íris Bryndís,
Hátún 8, 105
Akraneskaupstaður, Stilholti 16-18, 300
AM Praxis, Kringlunni 6, 103
Annáll ehf., Ármúli 6, 104
Arkitektar Gunnar og Reynir, Laugavegi 32 b,
101
Arkitektar Skógarhlíð ehf., Skógarhlíð 18,
105
Arnarneshreppur, Ásgarði, Akureyri, 601
Arnardalur sf., Þinghólsbraut 58, 200
Arnarprent, prentsmiða, Helluhrauni 12, 220
Augað sf., Kringlunni 4 -12, 105
Augsýn ehf., Fjarðargötu 13 - 15, 220
Austurbakki, Köllunarklettsvegur 2, 104
Á Stöðinni, Reykjavíkurvegi 58, 220
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins,
Stuðlahálsi 2, 110
Áhaldaleiga Suðurnesja, Grófinni 13 a, 230
Árbæjarapótek, Hraunbæ 102 b, 110
Árni Siensen ehf., Austurstræti 17, 101
Ársalir ehf., fasteignamiðlun, Lág múla 5, 108
Ársól sf., Efstalandi 26, 108
Árvirkinn ehf., Eyraeyri 32, 800
Ás sf., gistiheimili, Skipagötu 9, 600
Áshreppur, Laugalandi, 851
Ásbjörn Ólafsson ehf., Skútuvogi 11a, 104
B. H. S ehf., Fossbrún 2,
Bakarí Friðriks Har - ömmubakstur,
Kársnesbraut 96, 200
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja,
Grettisgötu 89, 105
Bautinn, Hafnarstræti 92, 600
Bárðdælahreppur, Úlfsbæ, 645
Bás ehf., Egilstanga 1, 580
Berg ehf., Norðurgata 16, 580
Bifreiða og vélaverkstæðið Sleitustöðum,
Sleitustöðum, 565
Bifreiðastillingar Nicolai, Faxafeni 12, 108
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf.,
Smiðjuvegi 14, 200
Bifreiðaverkstæði Ragnars, Ránargötu 14,
580
Bitabær, Ásgarði 2, 210
Bílagarði ehf., Ásbraut 6, 530
Bílamarkaðurinn Reykjanesbraut,
Smiðjuvegi 46 e, 200
Bílamálun Halldórs Þ. Nikulássonar,
Funahöfða 3, 110
Bílaferkstæði Guðjóns, Aðalstræti 84,
Bílaferkstæði Ísafjarðar ehf.,
Seljalandsvegi 84, 400
Bílaþjónusta Péturs, Vallholti 17, 800
Bílaþjónustan ehf., Garðarsbraut 52, 690
Bjarg ehf., Þórsgata 14, 450
Blátún ehf., Grandatröð 4, 220
Bliki ehf., bílamálun, Smiðjuvegi 38 e, 200
Blikksmiðjan Glófaxi hf., Ármúli 42, 108
Blóma og Gjafabúðin, Skagfirðingabraut 9 a,
550
Blómabúðin Tamara, Garðarsbraut 62, 640
Blómabær, Miðvangi 31, 701
Blómaverkstæði Binna, Skólavörðustíg 12,
101
Boltis sf., Barrholti 21, 104
Borgarbyggð, Borgarbraut 11 -13, 310
Bossanova, Kringlunni 4 - 12,
Bókasafn Garðabæjar, Garðartorgi 7, 210
Bókasafn Reykjanesbæjar, Hafnargötu 57,
230

Bókhaldsstofa Ingimundar T. Magnússonar,
Skeifunni 19, 108
Bókhaldsstofa Vals, Dalshrauni 14, 220
Bókhaldsþjónusta Arnar Ingólfssonar ehf.,
Nethyl 2, 110
Bókhaldsþjónusta KOM ehf., Víðihlíð 10, 550
Bólstrun Halldórs Ásgeirssonar,
Blómsturvöllum 15, 740
Brauðgerð Ólafsvíkur ehf., Ólafsbraut 19,
355
Breiðholtsskóli, Arnarbakka 1 - 3, 109
Brostu ehf., Hamraborg 5, 200
Búlki ehf., Krókhálsi 10, 110
Búnaðarbanki Íslands, Austurstræti 5, 101
Búnaðarbanki Íslands hf., Mosfellsbæ,
Þverholti 1, 270
Búnaðarbanki Íslands, skr., Faxatorgi
Búnaðarsamband Kjalarnesþings,
Þverholti 3, 270
Byggingarfélagið Byggir ehf., Þórsgata 10,
450
Byggingarfélagið Klakkur ehf., Smiðjuvegi 9,
870
Bændasamtök Íslands, Bændahöllinni
v/Hagatorg, 107
CM sf., Laugavegur 68, 101
Delta hf., Reykjavíkurvegur 78, 220
Djúpárhreppur, Samkomuhús Þykkvabæ,
851
Dreifing hf., Vatnagörðum 8,
Dressmann á Íslandi, Laugavegi 18 b, 101
Dýrariði ehf., Fells múla 26, 108
Efling, stéttarfélag, Sætúni 1, 105
Efnalaug Árbæjar ehf., Hraunbæ 102, 110
Eignamiðlun
Eikin - ís, Stangarhyl 4,
Einar Farestveit og co. Hf., Borgartúni 28,
105
Einar og Guðjón sf., Hlíðarvegi 9, 900
Eiríkur og Einar Valur hf., Seljalandi 9, 400
Eljan ehf., Strandgötu 79 a, 735
Endurskoðunarskrifstofa, Laugavegi 178,
Eyjaprent ehf., Strandvegur 47, 900
Eyrún ehf., Hlíðarvegi 7, 900
Fagtún ehf., Brautarholt 8, 105
Fagus ehf., Unubakka 18 - 20, 815
Farmasía ehf., Síðumúla 32, 108
Fasteignamiðlun, Síðumúla 11, 108
Fasteignasalan Ásberg ehf., Hafnargötu 27,
230
Fasteignasalan Garður ehf., Skipholti 5, 105
Fatahreinun Húsavíkur sf., Túngötu 1, 640
Féró sf., Steinasel 6, 109
Félag verslunar og skrifstofufólks,
Skipagötu 14, 600
Fiskbúðin Hafrún, Skipholti 70, 105
Fiskbúðin Reykjavíkurvegi,
Reykjavíkurvegi 3, 220
Fiskmark ehf., Hafnarskeiði 21, 815
Fiskverslun Hafliða Baldvinssonar ehf.,
Fiskislóð 30, 101
Fiskvön ehf., Aðalstræti 125, 450
Fjarðarbyggð, Strandgötu 49, 735
Flakkarinn ehf., Brjánslæk, 451
Flói ehf., Snæfellsbæ, Staðarhvammi 21, 220
Flugfélag Vestmannaeyja, Hrauntún 57, 900
Flugþjónustan ehf., Reykjavíkurflogvelli, 101
Flytjandi, Klettagörðum 15, 104
Fossvélar ehf., Hrísmýri 4, 800
Fura ehf., Markhella 4, 220
G.V. Gröfur ehf., Óseyri 2, 603

Gamlhús ehf., Amtmannsstíg 1, 101
Garðabær, Garðartorgi 7, 210
Garðatækni, Barmahlíð 52, 105
Geirabakarí ehf., Sólbakka 11, 310
Gerðahreppur, Melabraut 3, 250
GH heildverslun ehf., Garðartorgi 3, 210
Gilofa og Wesper umboðið, Sólheimum 26,
104
Gistiheimili Mattheu, Bugðulæk 13, 105
Gistiheimilið Jörð, Skólavörðustíg 13 a, 101
Gistihúsið Ísafold ehf., Bárugötu 11, 101
Gísli Torfason, Fjarðargötu 4, 220
Gítarskóli Ólafs Gauks, Síðumúla 17, 108
Glitnir ehf., Fákakletti 13, 310
Glóey ehf., Ármúla 19, 108
Glófaxi hf., Ármúla 42, 108
Glófi ehf., Hrísalundi 1 b, 600
Gluggahreinsun, Funafold 4,
Gluggakappar sf., Reyðarkvísl 12, 110
Gósen sf., Brautarholti 28, 801
Grandi hf., Norðurgarði 1, 101
Greiðslumiðlun hf., Vísa Island,
Álfabakka 16, 109
Grein ehf., Smiðjuvegi 16, 200
Grímseyjarhreppur, Garði, 611
Gró ehf., Hlíðarsmári 14, 200
Gróco hf., Suðurlandsbraut 6, 108
Guðjón Böðvarsson, Selvogsgrunni 13, 104
Guðmundur O. Helgason, sálfræðiþjónusta,
Laugavegi 105, 105
Guðnabakarí ehf., Austurvegi 31 b, 800
Gunnar og Kjartan ehf., Bjargartanga 16, 270
Gunnar og Ólafur sf., Glitvangi 1, 220
Gutenberg, Síðumúla 16, 108
Hafnarsamlag Eyjafjarðar, Ráðhúsinu, 620
Hafnarsandur sf., Hafnarfirði, Birkíasi 36, 210
Hafrós ehf., Skútuvogi 12 g, 104
Hagbót sf., Síðumúla 9, 108
Hagtak hf., Fjarðargata 13 - 15, 220
Hallinn ehf., Laufásvegur 2, 101
Hansa ehf., Kringlunni 7, 103
Happahúsið, Kringlunni 8 - 12, 103
Happi ehf., Óðinsgötu 5, 230
Haraldur Böðvarsson hf., Bárugötu 8 - 10, 300
Haukur Valtýsson ehf., Kaupangi Mýrarvegi,
Háess ehf., Skútuvogi 12 g,
Hárbær hársnyrtistofa, Laugavegi 168,
Hárgreiðslustofa Heiðu, Álfheimum 11 a, 104
Hárgreiðslustofa Höllu Magnúsdóttur,
Ystaseli 5, 109
Hárgreiðslustofan Focus ehf.,
Reykjavíkurvegi 62, 220
Hárgreiðslustofan Gresika, Suðurgötu 7, 101
Hárgreiðslustofan Hödd, Grettisgötu 62, 101
Hárgreiðslustofan Kúltúra, Álfheimum 74,
104
Hársnyrtistofa Agnesar, Bleikjukvísl 8, 110
Hársnyrtistofa Hrannar, Vogagerði 14, 190
Hásteinn ehf., Grenibygð 9, 270
Hátíðni, sjónvarpsverkstæði, Víkurbraut 4,
780
Heilbrigðisstofnunin á Selfossi, Árvegi, 800
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi,
Flúðabakka 2, 540
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki,
Spítalastígur, 550
Heildverslun Karls Kristmannssonar,
Ofanleitisvegi 15 - 19, 900
Heilsugæslustöð Hlíðasvæðis,
Drápahlíð 14 - 16, 105
Heilsustofnun NLFÍ, Grænamörk 10, 810

„Yfir okkur ánægð með húsið“

Í stuttu spjalli við Björn Ástmundsson, framkvæmdastjóra Reykjalundar, spurðum við hvort hann væri ekki stoltur yfir þessu mikla húsi?



Björn Ástmundsson.

- Við erum öll yfir okkur ánægð með húsið. Það er komin góð nýting á það þótt ýmislegt megi enn betrubæta og við erum vissulega komin í peningapröng. Við vorum að ljúka við lokaúttekt á byggingunni í gær og nú stendur fyrir dyrum að leita leiða til að auka nýtingu hússins, fullnýta það á kvöldin og um helgar. Sjúklingar hér og fyrrverandi sjúklingar munu ganga fyrir. Við munum leitast við að fólkið geti gert sínar æfingar án teljandi afskipta, en samt undir eftirliti sjúkraþjálfara og aðstoðarfólks sem fylgist með því að tækin séu rétt notuð og fólk ofgeri sér ekki.


Sigurverk

Varðandi hönnun hússins, sagði Björn að kalla mætti það sigurverk hvernig til tókst, hvað húsið er opið og hve aðgengi er þægilegt. Arkitektar okkar eiga vissulega heiður skilinn en þeir voru með öflugan samstarfsaðila sem voru sjúkraþjálfarar, íþróttakennarar og stjórnendur staðarins sem komu með ýmsar athugasemdir um hvernig hlutirnir ættu að vera. Segja má að arkitektarnir hafi hannað í kringum ótrúlegustu hugdettur sem fram komu, sumar náðu í gegn, aðrar ekki eins og gengur en árangurinn finnst okkur vera stórkostlegur. Björn lýsti síðan ýmskonar tæknilegum útfærslum við smíði hússins, m.a. væru allar lagnir aðgengilegar – utanálíggjandi þar sem því er viðkomandi, klæðning hússins verður nánast viðhaldsfrí og álguggar í öllu húsinu. Nýlega fór fram athugun á orkunýtingu í húsakynnum Reykjalundar síðustu 15 árin og má segja að hún sé sú sama nú og fyrir 15 árum þrátt fyrir verulega aukinn húsa-kost.



Við formlega afhendingu göngubrettisins, talið frá vinstri: Vilhjálmur B. Vilhjálmsson, Björn Ástmundsson, Íris Marelsdóttir og Steingrímur Jónasson.

Formleg afhending á göngubretti – gjöf frá hjarta-sjúklingum



Nýja göngubrettið prófað.

Þann 5. apríl sl. fór fram formleg afhending á vönduðu göngubretti sem Landssamtök hjartasjúklinga og Félag hjartasjúklinga í Reykjavík færðu Reykjalundi að gjöf í tilefni opnunar hins nýja endurhæfingarhúss. Formaður LHS, Vilhjálmur B. Vilhjálmsson sagði við þetta tækifæri að það væri samtökunum sérstök ánægja að sjá tækið komið í notkun í þessum fallega sal. Við vitum að þetta er mjög vandað og fullkomið tæki og gaman var að sjá stúlku hér áðan nýta sér tækið á hressilegan hátt. Við erum komin með skjöld sem ég óska eftir að verði festur við tækið en á honum stendur: Tæki þetta er gefið af

Landssamtökum hjartasjúklinga og Félagi hjartasjúklinga í Reykjavík.

Íris Marelsdóttir, yfirsjúkraþjálfari, sagði þá: Við á Reykjalundi þökkum kærlega fyrir okkur. Einhverjir hjartasjúklingar hafa spurt af hverju tækið sé hér en ekki inni í hjólaherberginu þar sem hjartasjúklingar æfa daglega. Við ákváðum að hafa það hér út við gluggann með góðu útsýni yfir Mosfellsbæ, Reykjavík og jafnvel Snæfellsjökul, og um leið gefum við fleirum tækifæri til að nýta sér göngubrettið. Þetta tæki á eftir að nýtast okkur vel og lengi og við þurfum að eignast fleiri svona tæki!



Konur og hjartasjúkdómar

Við minntumst á það í síðasta blaði að framundan væri ráðstefna í Noregi um konur og hjartasjúkdóma. Þessi ráðstefna var haldin og í janúarhefti *Sökelys* eru niðurstöður ráðstefnunnar ræddar og vegnar.

Þarna kom fram að konur fá hjartasjúkdóma að jafnaði seinna en karlmenn sem þýðir að konur geta þá verið búnar að fá fleiri aldurstengda sjúkdóma á borð við sykursýki. Þá er líkamlegt ástand þeirra orðið bágborið og því deyja margar konur úr hjartasjúkdómum. Fullrytt var á ráðstefnunni að fleiri konur deyi nú úr kransæðasjúkdómum en karlmenn og ástæðan aldursmunur sá sem ræddur er hér að framan. Allavega dóu í fyrra fleiri konur en karlmenn í Noregi af völdum kransæðastíflu.

Streitan hættuleg

Þá kom fram á ráðstefnunni hjá sænskum læknum að streita sé mikill orsakavaldur hjartasjúkdóma hjá konum og þeim að jafnaði hættulegri en körlum, þar sem konur sem starfa utan heimilis eigi erfiðara með að hvílast að loknum vinnudegi, þær taki til við heimilisstörf og að sinna börnunum meðan makinn kannski leggur sig eftir vinnudaginn.

Þá var fullyrt að reykingar hefðu enn skaðlegri áhrif á konur en karla og benda danskar rannsóknir til þess.

Jafngóð þjónusta við konur

Norskur læknir, Maja Lisa Löchen, fullyrti að konur fengju jafngóða þjónustu og karlar í heilbrigðiskerfinu og hjartveikar konur hefðu ekki hærri dánartíðni en karlar í

Noregi. Það eru fyrst og fremst bandarískar kannanir sem benda til þess að tiltölulega fleiri konur en karlar deyi af völdum kransæðastíflu, en þá verður að hafa í huga að Bandaríkjamenn búa ekki við opinbera heilbrigðisþjónustu og fátækt fólk þar fer ekki til læknis fyrr en í síðustu lög og þá oft of seint.

Koma seinna til lækna

Kannanir í Noregi benda til þess konur komi seinna en karlmenn til hjartalækna þegar sjúkdómseinkenni gera vart við sig. Þær eru að jafnaði óframfærnari en karlmenn, búa oft einar og eru að jafnaði 10-15 árum eldri en karlmenn þegar hjartveikin gerir vart við sig og eiga þá aldurslega minni möguleika á bata en karlmenningar.

Maja Lisa hvatti til aukinna rannsókna á kynjasamanburði, t.d. hvort einhver merki sé um kynjamismun þegar framkvæmdar eru æðavíkkar og uppskurðir, en á ráðstefnunni var bent á að konur hefðu almennt fínlegri og þrengri æðar en karlmenn.

Bankaviðskipti

ISLANDSBANKI

Forsíða

Mín síða

Bankaviðskipti

Verðbréfavíðskipti

Gjaldveirivíðskipti

Greining

Hætta

Yfirlit

Víðskipti

Bókhald

Upplýsingar

Þú gerir þetta með annarri!

isb.is

Netbankinn
- fjármál verða ekkert mál.

ISLANDSBANKI

www.isb.is • 5 75 75 75

Ertu of þreytt/ur?

Hinn ágæti vefur Doktor.is tekur fyrir flesta sjúkdóma, útskýrir þá og bendir á leiðir til úrbóta. Ef þú glímir við þreytueinkenni þá gæti eitthvað af eftirfarandi verið orsök-in. Algengasta ástæðan er svefnleysi, en algengustu og mikilvægustu sjúkdómar sem valda þreytu eru:

- **Blóðleysi**

er algeng ástæða þreytu. Blóðleysi vegna járnskorts er þekktast meðal kvenna, sem hafa á klæðum, þar eð járn tapast með tíðablóðinu í hverjum mánuði. Því þarf að bæta sér það upp með járn úr fæðunni. Aðrar ástæður fyrir járnskorti eru þungun, járnsnauð fæða, snörp vaxtarskeið barna, ýmsir þarmasjúkdómar sem valda því að upptaka næringarefna úr fæðunni er léleg, t.d. glúten-óþol, eða Crohns sjúkdómur.

- **Járnskortur án skýringar**

þarf skilyrðislaust lækisrannsóknar við, þar eð ástæðan getur verið að lítil sár séu í þörmunum vegna hnúta eða krabbameins. Blóðleysi getur einnig orsakast vegna skorts á fólínsýru eða B12 vítamíni.

- **Sýkingar**

geta valdið þreytu, t.d. kossageit (mononukleose), borreliose, alnæmi o. fl.

- **Þunglyndi**

getur komið fram sem þreyta. Gefið því gaum ef þreytan leggst yfir á veturna, en það getur bent til skammdegisþunglyndis sem nú er hægt að meðhöndla með góðum árangri.

- **Krabbamein**

Krabbamein veldur þreytu að meira eða minna leyti. Því er áriðandi að leita lækis vegna viðvarandi þreytu, sem engin þekkt skýring er á, í vissan tíma.

- **Efnaskiptin**

Ef efnaskiptin eru of hæg kemur það fram sem mikil þreyta og svefnþörf. Ef grunur leikur á því að efnaskiptin séu of hæg, er mikilvægt að láta lækni rannsaka það því að í dag eru til góð, árangursrík og ódýr lyf við sjúkdómnum. Of hröð efnaskipti geta, þótt ótrúlegt megi virðast, líka komið fram sem þreyta. Það lýsir sér með svefnleysi,

hröðum púlsi, þreytu og kraftleysi. Við þessu er einnig til ágæt meðferð.

- **Sykursýki**

getur oft birst sem þreyta. Nauðsynlegt er að greina sykursýki og meðhöndla rétt til að halda sjúkdómnum í skefjum. Sjúkdómsgreiningin fæst oftast með einfaldri blóðprufu og í dag er, í mun meiri mæli en áður, hægt að aðlagga meðferðina að þörfum einstaklings, þannig að líf hans raskist sem minnst.

- **Aðrar ástæður**

Ýmsar aðrar, misjafnlega algengar, ástæður geta legið að baki þreytu, meðal annars síþreyta sem er ástand sem lýsir sér í óútskýrðri þrúgandi þreytu. Ekki er til nein aðferð til að slá því föstu hvort maður þjáist af síþreytu, og þar af leiðandi er umdeilt hvort um sé að ræða sérstakan sjúkdóm.

- **Hvað á að gera, ef þreyta stendur manni fyrir þrifum?**

Ef þreytan er viðvarandi á að hafa samband við lækni, panta tíma og hugsanlega rannsókn, sérstaklega ef vart verður við önnur einkenni á borð við nætursvita, fölar slímhúðir, blóðugar hægðir, stækkaða eitla, áberandi þorsta eða önnur nýleg einkenni.

Hjartasjúkdómar

Hvítlaukurinn Kyolic hefur áhrif á marga áhættuþætti hjartasjúkdóma, ss. blóðþrýsting, kólesteról, blóðfitu, blóðstorku, oxun kólesteróls og fleiri þætti.

Kyolic hvítlaukur hefur jákvæð áhrif á fjöldamörg atriði sem tengjast hjarta- og æðasjúkdómum og í dag er ekki þekkt nokkurt annað lyf eða náttúruæfni sem hefur svo fjölbreytt jákvæð áhrif á hjarta- og æðakerfið.

Úrdráttur úr grein skrifaðri af Rafni Lindal lækni
Birtist í tímaritinu Velferð, 13. árg, 2. tbl.
Fréttabréfi Landssamtaka Hjartasjúklinga



...alvöru
fæðubótarefni !

Fæst í næsta apóteki

Dreifing: Logaland ehf.

Mikilvægt að vera í kjörþyngd og stunda líkamsrækt nær daglega

Sjálfsgætt er að benda lesendum Velferðar á að skoða reglulega vefinn Doktor.is þar sem er að finna margvíslegt efni og ráðleggingar varðandi sjúkdóma. Margir okkar lesenda hafa áhuga á að vita eitthvað um sykursýki og vitnum við hér á eftir í svar sem Ingibjörg Gunnarsdóttir, matvælafræðingur, gefur fyrirspyrjanda á vefnum.

Tvær gerðir

Sykursýki birtist í tveimur gerðum, sykursýki af gerð 1 og 2. Sykursýki af gerð 1 er insúlínháð sykursýki, þar sem einstaklingar framleiða ekki insúlín og geta því ekki stjórnað blóðsykri nema með insúlín-gjöf. Þessi gerð af sykursýki kemur yfirleitt fram fyrir 30 ára aldur.

Sykursýki af gerð 2 er nefnd fullorðins-sykursýki eða insúlínóháð sykursýki, en þar hefur einstaklingurinn næga framleiðslu á insúlíni en frumur líkamans eru ónæmar fyrir insúlíninu og skapast því svipað ástand og við sykursýki af gerð 1. Í meginráttum er fæði fyrir báðar tegundir svipað þó áherslur geti verið aðeins mismunandi eftir því á hvaða stigi sykursýkin er.

Mataræði sykursjúkra

Megináherslurnar varðandi mataræði einstaklinga með sykursýki eru svipaðar þeim ráðleggingum sem gefnar eru heilbrigðum einstaklingum, þannig að fæði einstaklinga með sykursýki ætti ekki að vera frábrugðið fæði annarra í fjölskyldunni. Það að halda kjörþyngd eða komast niður í kjörþyngd er mikilvægt. Jafnvel mjög lítið þyngdartap (ef viðkomandi er yfir kjörþyngd) getur bætt blóðsykurstjórnun til muna. Í þessu sambandi er ágætt að hafa í huga að fita gefur mikla orku og þar af leiðandi æskilegt að draga úr fituneyslu og þar með orkuinntöku. Hreyfing er gífurlega

mikilvæg fyrir sykursjúka eins og aðra og ráðleggingin er sú að stunda hæfilega erfiða líkamsrækt í 20-30 mín. flesta daga. Vegna aukinnar hættu á hjarta- og æðasjúkdómum ættu einstaklingar með sykursýki að takmarka neyslu á mettaðri fitu (fitu sem er hörð við stofuhita) og transómettaðri fitu (t.d.úr nokkrum tegundum smjörlíkis) þar sem þessi fita hefur sýnt sig auka kólesteról í blóðinu sem aftur er einn af aðaláhættuþáttum hjarta- og æðasjúkdóma. Kolvetni ættu að gefa 45-60% orkunnar en forðast eða nota í hófi kolvetni sem hækka blóðsykur hratt, svo sem hvítan sykur, ávaxtasýkur og mjólkursýkur. Trefjaríkt fæði hjálpar til við blóðsykurstjórnun. Gróft korn og grænmeti veita okkur mikið af trefjum og valda heldur ekki stórum sveiflum í blóðsykri. Fituinnihald í fæði ætti að vera í samræmi við manneldismarkmið, þ.e. 25-35% orkunnar. Andoxunarefni sem við fáum meðal annars úr grænmeti og ávöxtum vernda gegn hjarta- og æðasjúkdómum og eru því mjög mikilvæg fyrir einstaklinga með sykursýki.

Bannlisti og gáttlisti

Hér á eftir eru praktískar ráðleggingar varðandi fæðuval einstaklinga með sykursýki

sýki (og flestar ráðleggingarnar eiga við um fullfríska einstaklinga einnig).

Helstu vörur á bannlista fyrir sykursjúka (vörur sem hækka blóðsykur mjög mikið) eru sykur, þúðursykur, molasykur, flórsykur, hunang, sætar og feitar kökur/kex og tertur, seytt rúgbrauð, ávaxtasúpur og ávaxtagrautar, súkkulaði, brjóstsykur, ís, búðingar og fleira sem er mjög sykursætt.

Takmarka ætti mjólkurdrykkju við 1-2 glös á dag ($1/2$ - $1\frac{1}{2}$ dl í einu) og hreinan ávaxtasafa einnig við 1-2 glös á dag, þar sem þessir drykkir valda mikilli blóðsykurhækkun í einstaklingum með sykursýki. Mjólkinn ætti að vera fitulítill, þ.e. undanrenna, fjörmjólk eða léttnjólk í stað nýmjólkur. Ekki er ráðlegt að drekka bæði mjólk og ávaxtasafa í sömu máltíð.

Ekki er æskilegt að borða oft unnar kjötvörur svo sem bjúgu, pylsur eða fars. Borða má flestar tegundir af brauði en ekki er æskilegt að borða seytt rúgbrauð. Gott er að borða 1-2 ávexti á dag. Þurrkaðir ávextir (rúsfíkur, sveskur o.fl.) í hófi. Nota skal magurt álegg svo sem magran brauðost (11% eða 17% feitan), smurost, kotasælu, magurt kjötálegg (t.d. skinka), fiskiálegg (t.d. síld, sardínur, lax), egg (í hófi = 2-3 í viku), mögur kæfa og grænmeti, segir Ingibjörg að lokum.

Starfandi eru samtök sykursjúkra og er síminn 562 5605 og netfang diabetes@itn.is

Gott að vita

Árið 2001 fengu 1329 lækna læknisleyfi í Svíþjóð og var það aukning um 144 læknaeyfi miðað við árið á undan. Athygli vekur að af þessum fjölda er um 44% lækna af erlendum uppruna, alls 588 lækna.

Ríkið hefur lagt sitt af mörkum til að fjölga starfandi læknum í Svíþjóð og vegna sérstaks samkomulags við þýsk heilbrigðisvirkir fengu 139 þýskir lækna stöður í Svíþjóð árið 2001. Lögð var áhersla á að bjóða uppá samskiptum í Þýskalandi áður en læknaeyfin voru veitt og samskiptir fyrirkomulag var viðhaft í Póllandi.



**TRYGGINGA
MIÐSTÖÐIN HF**

ADALSTRÆTI 6-8 · 101 REYKJAVÍK
SÍMI 515-2000

Stefnuskrá sjúkraliða á Reykjalundi

Sjúkraþjálfarahópurinn á Reykjalundi hefur samið ýtarlega stefnuskrá og eru meginmarkmið og leiðir að þeim eftirfarandi:

1. Að sjúkraþjálfarar á Reykjalundi stundi faglega sjúkraþjálfun í hvívetna:

Að sinna án tafar öllum beiðnum sem berast um sjúkraþjálfun.

Að þeir sem vísað er til sjúkraþjálfara fái alhliða og sérhæfða sjúkraþjálfun eftir þörfum hvers og eins.


Að auka skilning og þekkingu skjólstæðinga um ábyrgð á eigin heilsu.

Að eiga góða samvinnu við skjólstæðing og aðstandendur hans m.a. með fræðslu og stuðningi.

Að skrá og varðveita jafnóðum upplýsingar um skoðun og meðferð sem veitt er.

Að vinna að þróun í hópþjálfun.

Að vera virk í þverfaglegri endurhæfingu og taka þátt í teymisvinnu á jákvæðan hátt.



Að viðhalda þekkingu sinni og starfsfærni m.a. með reglulegri endurmenntun.

Að sinna kennslu við Háskóla Íslands.

Að sinna kennslu/fræðslu innan og utan staðarins eftir því sem við á.

Að vinna að rannsóknum og stuðla að þróun í faginu.

Að vera fagleg í allri framkomu og viðmóti.

2. Að starfsfólk sjúkraþjálfunar-deildar á Reykjalundi starfi í besta mögulega starfsumhverfi.

Að húsnaði uppfylli þær kröfur sem starfsemin gerir á hverjum tíma.

Að lækningatæki uppfylli þær kröfur sem gerðar eru á hverjum tíma.

Að hafa yfir að ráða besta mögulega þjálfunarbúnaði.

Að skipulag deildar sé vel mótað, vel kynnt og allir starfi samkvæmt því.

Að stuðla að samheldni starfsfólks og veita hvert öðru aðstoð eftir bestu getu.

Að taka gagnrýni og gagnrýna á jákvæðan hátt.

Að góður starfsandi ríki innan deildarinnar.

Að virða og treysta hvert öðru.

Að starfsfólk beri nafnspjöld og að fatnaður þess sé snyrtilegur og viðeigandi.

Að starfsumhverfi sé aðlaðandi bæði fyrir skjólstæðinga og starfsfólk.

Að deildin sé eins umhverfisvæn og kostur er.

Að varðveita sögu deildarinnar.

3. Að sjúkraþjálfarar á Reykjalundi sinni vinnuvernd og heilsuefingu allra starfsmanna.

Að gæta að sinni eigin heilsu.

Að tryggja öryggi sitt og annarra.

